

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Skrifstofa skattamála
Lindargata
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. september 2023

Efni: Ósk um sjónarmið hagsmunaaðila og annarra vegna vinnu starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu - Mál nr. 119/2023

Viðskiptaráð hefur tekið til umsagnar ósk um sjónarmið hagsmunaaðila og annarra vegna vinnu starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu.

Orka leikur lykilhlutverk í að ákvarða lífsgæði þjóða og hefur greitt aðgengi að endurnýjanlegri orku reynst íslensku samfélagi mikil búbót. Framtakssemi í fyrri orkuskiptum hefur veitt Íslandi forskot og eru helstu orkugjafar okkar bæði grænir og sjálfbærir. Yfirlýstum markmiðum stjórnvalda verður þó einungis náð ef við fösum út notkun óendurnýjanlegra orkugjafa, - en til þess þarf að framleiða meiri orku.

Uppbygging í raforkuframleiðslu og öðrum orkuinnviðum hefur á undanförunum árum gengið hægt, m.a. vegna óskilvirkni regluverksins en einnig vegna tafa í leyfisveitingum og afgreiðslu rammaáætlunar. Með hverju ári sem líður án aðgerða í orkumálum verður ólíklegra að markmið um orkuskipti og -uppbyggingu náist, með tilheyrandi kostnaði fyrir loftslag, umhverfi og samfélag. Aukin skattheimta í óbreyttu ástandi mun að öllum líkindum hafa letjandi áhrif á uppbyggingu í raforkukerfinu og gengur því þvert á yfirlýst markmið stjórnvalda.


Aukin skattheimta skekkir stöðuna

Á Íslandi er eignarhald hins opinbera í raforkuframleiðslu meira en gengur og gerist hjá nágrannalöndum okkar, sem skekkir ekki aðeins samkeppnisstöðu á markaðnum, heldur hamlar aðgengi nýrra aðila að markaðnum. Leiða má líkur að því að aukin skattheimta dragi úr áhuga einkaaðila á að hasla sér völl í orkuframleiðslu á Íslandi og þannig verði samfélagið af tækifæri til að auka fjölbreytni á markaðnum, til að fjölga verkefnum og auka verðmætasköpun sem leiða myndi til meiri skatttekna ríkis og sveitarfélaga.

Mynd 1.1

Eignarhald hins opinbera á raforkuframleiðni er meira en gengur og gerist hjá nágrannalöndum okkar

Raforkuframleiðsla eftir eignarhaldi,% af heildarframleiðslu



Heimildir: Stöðuskýrsla um áskoranir í orkumálum, IAEA, Statista, Viðskiptaráð Íslands.

Íslensk fyrirtæki keppa ekki einungis sín á milli heldur eru þau í alþjóðlegri samkeppni. Nýir skattar og gjöld hafa neikvæð áhrif á samkeppnishæfni raforkuframleiðslu- og flutnings á Íslandi. Með þessu skerðast möguleikar Íslands til að bæði halda í og laða að nýja atvinnustarfsemi. Að sama skapi skerðist samkeppnishæfni þeirra fyrirtækja sem reiða sig í miklum mæli á raforku þar sem framleiðslukostnaður þeirra kemur til með að hækka. Við breytingar á kerfinu þarf því að huga að áhrifum á bæði innlenda og alþjóðlega samkeppni.

Grundvöllur lagður að frekari verðmætasköpun

Viðskiptaráð telur mikilvægt að vinna starfshópsins verði vel ígrunduð og litið sé til umgjardar skattkerfisins í heild sinni. Í skýrslu Háskólans á Bifröst um skattlagningu í tengslum við orkuframleiðslu kemur fram að orkufyrirtæki greiddu rétt rúma 30 ma. kr. í tekju- og fasteignaskatta árin 2018 – 2021 en þar eru tekjur vegna tryggingagjalds, útsvars og tekjuskatts einstaklinga ótaldar. Að mati Viðskiptaráðs er tímabært að draga þær tölur einnig fram.¹

Að því sögðu telur Viðskiptaráð ekki svigrúm til skattahækkana, en ef grundvöllur málsins er að tryggja að tekjur skili sér í „ríkari mæli til nærsamfélaga“ sé rétt að líta til tekjuskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Í því samhengi má benda á að árin 2018-2022 runnu 80% skatttekna vegna orkufyrirtækja til ríkisins og en 20% til sveitarfélaga.²


¹ [Greining á tilteknum þáttum vegna skattlagningar/gjaldtöku í tengslum við orkuframleiðslu á Íslandi og í Noregi](#)

² [Greining á tilteknum þáttum vegna skattlagningar/gjaldtöku í tengslum við orkuframleiðslu á Íslandi og í Noregi](#)

Í þeim umsögnum sem nú þegar hafa borist starfshópnum er að finna nokkra umfjöllun um samspil aukinna tekna sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.³ Í umsögn Samtaka orkusveitarfélaga segir „Ef skerðingarreglur Jöfnunarsjóðs leiða til þess að heildartekjur sveitarfélaga verði óbreyttar næst ekki markmið um samfélagslegan ábata nærsamfélaga.“ Hér er um að ræða enn einn ágalla Jöfnunarsjóðsins þar sem hann virðist hafa letjandi áhrif á atvinnuuppbyggingu innan sveitarfélaga. Viðskiptaráð hefur um árábil fjallað um fyrirkomulag Jöfnunarsjóðs og hvernig hann brenglar ýmsa hvata sveitarfélaga. Að mati Viðskiptaráðs ættu breytingar starfshópsins ekki að auka flækjustig úthlutunarreglna sjóðsins enn frekar, heldur telur ráðið að þetta sýni fram á nauðsyn þess að leggja sjóðinn niður í núverandi mynd og endurhugsa tekjulíkan sveitarfélaga og fjárhagsleg samskipti þeirra við ríkið í heild.

Viðskiptaráð leggur áherslu á að horft verði á verkefni starfshópsins út frá því sjónarmiði að liðkað verði fyrir uppbyggingu orkuvinnslu og þannig lagður grundvöllur að frekari atvinnu- og verðmætasköpun. Ekki er skynsamlegt að reyna að bæta fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga með því að þyngja skattbyrði orkufyrirtækja. Að því sögðu telur Viðskiptaráð að með því að sveitarfélög eða jafnvel tiltekin landsvæði sjái ríkari ávinning af orkuuppbyggingu í héraði megi, ásamt með breytingum á leyfisveitingarferlum, hleypa nýjum krafti í orkuverkefni víða um land, til heilla fyrir nærsamfélög og þjóðarbúskapinn allan.

Virðingarfyllst,



Gunnar Úlfarsson

Hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

³ Sjá t.d. umsögn Viðskiptaráðs um [endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga \(mál nr. 64/2023\)](#).